

**130** Þetta er hjermeð kunnugt gjört öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut  
10. sept. eiga að máli.

**Í dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, 10. sept. 1918.**

**Jón Magnússon.**

Björn Þórðarson,  
settur.

**131**  
1. des.

## Auglýsing

**um tilboð í eftirstöðvar af þessa árs framleiðslu af síld.**

(Frá Útflutningsnefndinni).

Nefndin óskar eftir tilboðum frá ábyggilegum kaupendum í eftirstöðvar sildarinnar, sem mun vera um 13000 endurfyltar tonnur og liggur á þessum höfnum:

Ísafirði og Alftafirði ca. 5600,  
Önundafirði ca. 1800,  
Ingólfsfirði ca. 2400, og  
Reykjarfirði ca. 3100.

Tilboðin sjeu miðuð við sölu eftir vigtar- og matsvottorðum, sem nefndin hefir tekið gild. — Tilboðin má gera hvort heldur sem vill í meira eða minni hluta sildarinnar. — Tekið skal fram, að kaupandi greiði útflutningsgjald og stimpilgjald af síldinni. — Ennfremur sjeu tilboðin miðuð við að síldin sje afhent um borð í skip kaupanda á einhverri af ofangreindum höfnum.

Útflutningsleyfi fyrir þessum eftirstöðvum er fengið til Svíþjóðar, og er nú verið að leita eftir útflutningsleyfi til Noregs, og verða kaupendur auðvitað að hlita þeim skilyrðum, sem slík leyfi eru bundin, ef síldin verður flutt út á meðan hafnbann Bandamanna stendur.

Öll tilboð um síldar kaupin sjeu í lokuðum umslögum, komin til nefndarinnar eigi síðar en 18. þ. m., opnar hún tilboðin öll þann dag og ákveður eftir þann tíma, hvort taka skuli tilboðunum eða ekki, alt eftir því, hvaða skilyrði fyrir sölu þá eru fyrir hendi.

Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Útflutningsnefndar. Sími 751.

Reykjavík, 1. desember 1918.

*Thor Jensen. Pjetur Jónsson. O. Benjamínsson.*